



Ársskýrsla 2019-2020



FÉLAG ÍSLENSKRA
HJÚKRUNARFRÆÐINGA
1919 - 2019



FÉLAG ÍSLENSKRA
HJÚKRUNARFRÆÐINGA
1919 - 2019




FÉLAG ÍSLENSKRA
HJÚKRUNARFRÆÐINGA
1919 - 2019




AG ÍSLENSKRA
UNARFRÆÐINGA



Seld gjafabréf orlofssjóðs 2019




Starfandi félagsmenn eftir búsetu




**FÉLAGSMENN Á
HÖFUÐBORGARSVÆÐINU
ERU 2.333**

**FÉLAGSMENN Á
LANDSBYGGÐINNI
ERU 1.124**

Starfandi félagsmenn eftir kyni



Aldursskipting starfandi félagsmanna



**FÉLAGSMENN FÍH
ERU 3.457**



Starfsár stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur verið sérstakt að mörgu leyti og skiptist þar á með skini og skúrum. Á fyrri hluta starfsársins var 100 ára afmæli félagsins fagnað með fjölbreyttum hætti. Þá var fjöldi viðburða á dagskrá í tilefni þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin helgaði hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum árið 2020 sem því miður þurfti að fresta vegna covid-19 faraldursins.

Allt starfsárið var áfram háð löng og ströng kjarabaráttu. Mikil áhersla var lögð á kjaramál og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga, en jafnframt var áfram unnið að fjölgun starfandi hjúkrunarfræðinga og frekari styrkingu á starfssviði þeirra í framtíðinni. Eins og fyrr lét félagið að sér kveða í þróun og skipulagningu heilbrigðisþjónustunnar og á þessu starfsári var það gert m.a. með þátttöku í gerð nýrrar heilbrigðisstefnu sem gildir til 2030.

Haldnir voru 12 fundir, auk vinnudags stjórnar, og eru fundargerðir aðgengilegar á vef félagsins, hjukrun.is. Unnið var eftir starfsáætlun sem samþykkt var á aðalfundi Fíh í maí 2019. Þá var lokahönd

lögð á breytingar á húsnaði félagsins með endurnýjun á salernisaðstöðu. Óhætt er að segja að breytingarnar hafi mælst vel fyrir hjá félagsmönnum.

KJARAVIÐRÆÐUR Í EITT OG HÁLF T ÁR

Í apríl 2019 rann út gerðardómur hjúkrunarfræðinga við ríkið og á sama tíma voru samningar við aðra viðsejendur lausir. Mesti þunginn í samningaviðræðum á starfsárinu var við ríkið, þar sem flestir hjúkrunarfræðingar starfa, en aðrir samningar taka mið af þeim samningi. Samningaviðræður við ríkið voru langar og strangar og stóðu yfir í rúma 15 mánuði.

Fíh hélt fast í kröfu um hækkun grunnlauna hjúkrunarfræðinga allan samningstímann en ekki náðist samkomulag um það við ríkið. Lausn fékkst ekki í deiluna fyrr en ríkissáttasemjari lagði fram miðlunartillögu sem fól í sér samkomulag milli ríkis og Fíh um öll meginatriði kjarasamnings auk þess að skipaður var gerðardómur um afmörkuð atriði launaliðsins og lauk hann störfum 1. september 2019. Helstu breytingar í samningum fyrir utan laun felast í styttingu vinnuvikunnar og breytingum á vaktavinnufyrirkomulagi. Vinnuvikan hefur ekki verið stytta hér á landi í rúmlega 40 ár og þetta var því löngu tímabært. Aðrir kjarasamningar eru í vinnslu og eru vonir bundnar við að hægt verði að ljúka þeim á haustmánuðum.

ALDARAFMÆLI FÍH OG ÁR HJÚKRUNARFRÆÐINGA OG LJÓSMÆÐRA

Á starfsárinu var haldið áfram að fagna 100 ára afmæli félagsins. Opnuð var sögusýning í Árbæjarsafni um hjúkrun í 100 ár og haldinn var fjölskyldudagur



Stjórn Fíh 2019-2020

í ágúst sem var helgaður börnum hjúkrunarfræðinga og þeim börnum sem hjúkrunarfræðingar hafa hjúkrað í gegnum tíðina. Hjúkrunarráðstefnan HJÚKRUN 2019: Framtíð, frumkvæði og forvarnir, sem haldin var á Akureyri í september, var mjög vel heppnuð í alla staði. Afmælisárinu lauk síðan með stórglæsilegum afmælisfagnaði í Hörpu í nóvember. Af tilefni þess að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin helgaði hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum árið 2020 hófu Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Ljósmæðrafélag Íslands samstarf um að vekja athygli á árinu. Covid-19 faraldurinn setti strik í reikninginn og fresta þurfti öllum frekari viðburðum að undanskilinni hátíðarstund í Hallgrímskirkju í janúar 2020 þar sem hjúkrunarfræðingar og ljósmæður komu saman og ýttu árinu úr vör. Félagið lætur þó ekki deigan síga og hefur áform um að flytja viðburðina yfir á árið 2021.

FORDÆMALAUSIR TÍMAR

Covid-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á seinni hluta starfsárs stjórnar. Reynt var af fremsta megni að halda áfram með

verkefni starfsáætlunarinnar eða þau aðlöguð eftir þörfum. Hjúkrunarfræðingar hafa staðið í framlínunni í baráttunni við afleiðingar covid-19 faraldursins og átt hvað stærstan þátt í því að íslenskt heilbrigðiskerfi hefur staðist álagið fram að þessu. Stjórnin fylgdist með hvernig starfsumhverfi og vinnuskipulagi var gjörbylt á vinnustöðum hjúkrunarfræðinga um allt land. Styrkur og útsjónarsemi stéttarinnar endurspeglast í viðbrögðum

heilbrigðiskerfisins á þessum viðsjárverða tíma, og sýndu hjúkrunarfræðingar í verki að þeir eru raunverulegt hryggjarstykki heilbrigðiskerfisins.

Vegna faraldursins þurfti að fresta aðalfundi frá maí fram í september og lengdist því stjórnarseta þessarar stjórnar sem því nam. Það er von stjórnar að þrátt fyrir erfitt starfsár, bæði í kjaramálum og vegna faraldursins, muni hjúkrunarfræðingar

halda áfram inn í framtíðina sem sameinaðir og öflugir fagmenn og fagna árinu 2021 á eftirminnilegan hátt.

Guðbjörg Þórsdóttir

formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

FAGLEG MÁL

Unnið er að endurskoðun stefnu félagsins í hjúkrunar- og heilbrigðismálum. Stefnan tekur mið af íslenskri heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Fulltrúar félagsins hafa tekið þátt í mótun endurhæfingarstefnu heilbrigðisráðuneytis, siðferðilegra gilda og forgangsroðunar í heilbrigðisþjónustu og í tillögum til fjölgunar útskrifaðra hjúkrunarfræðinga. Auk þess hefur félagið veitt umsagnir um ýmis mál er varða hjúkrunarfræðinga, hjúkrun og heilbrigðisþjónustu.

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO), í samvinnu við Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN), sendi frá sér skýrslu um stöðu og mikilvægi hjúkrunar í heiminum á árinu (State of the World's Nursing 2020; Investing in Education, Jobs and Leadership). Félagið tók þátt í gerð skýrslunnar og hefur vakið athygli ráðamanna á henni.

NÁMSKEIÐ OG FRÆÐSLA

Boðið var upp á fjölbreytta fræðslu á liðnu starfsári. Þar má nefna námskeið um sár og sárameðferð, námskeið fyrir félagsmenn sem eru að undirbúa starfslok, áhuga-hvetjandi samtal, kyrrðarjóga og hugleiðslunámskeið. Einnig var boðið

upp á hádegisfyrirlestrana *Samskipti á vinnustöðum* og *Í blíðu og stríðu með sjálfum okkur* sem voru vel sóttir.

Félagið bauð námskeiðið *Áhugahvetjandi samtal* á Selfossi í samstarfi við Helgu Sif Friðjónsdóttur, sérfræðing í geðhjúkrun, ásamt deild hjúkrunarfræðinga á Suðurlandi. Boðið var sérsniðið sáranámskeið fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga í samstarfi við Berglindi Chu, sérfræðing í hjúkrun. Þá hélt Þórdís Tómasdóttir, hjúkrunarfræðingur á sýkingavarnadeild LSH fyrirlestur um sýkingavarnir sérstaklega ætlaðan erlendum hjúkrunarfræðingum.

2020: ÁR HJÚKRUNARFRÆÐINGA OG LJÓSMÆÐRA

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) tileinkaði hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum árið 2020 í tilefni þess að liðin eru 200 ár frá fæðingu Florence Nightingale. Þannig vakti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin athygli á mikilvægi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í heilbrigðiskerfinu. Stofnunin hvetur þjóðir heimsins til að fjárfesta betur í hjúkrun, hámarka framlag þessara tveggja stétta og tryggja þannig öllu fólki rétt til heilbrigðisþjónustu án tillits til efnahags.

**200 ÁR FRÁ
FÆÐINGU
FLORENCE
NIGHTINGALE**

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og Ljósmæðrafélag Íslands sameinuðust um að vekja athygli á árinu 2020 og var árinu ýtt úr vör með samkomu hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í Hallgrímskirkju 16. janúar. Þar fluttu ávörp formenn félaganna, og myndband með kveðjum formanna, heilbrigðisráðherra og landlækni var sýnt. Fjölbreyttir viðburðir voru á dagskrá en sökum samfélagsaðstæðna var þeim slegið á frest.



Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga fagnaði 100 ára afmæli félagsins með ýmsum viðburðum á árinu 2019. Afmælisárið hófst með opnunarhátíð 15. janúar og lauk með hátíðarkvöldverði og skemmtidagskrá 15. nóvember. Þá héldu fag- og svæðisdeildir félagsins upp á afmælisárið með ýmsu móti. Sérstakt afmælistímarit var gefið út á árinu og á hátíðaraðalfundi félagsins voru 10 félagsmenn gerðir að heiðursfélögum. Þá fengu fimm hjúkrunarfræðingar hvatningarstyrki og sérstakur rannsóknarstyrkur var veittur í tilefni afmælisins.

10 HEIÐURSFÉLAGAR

5 HVATNINGARSTYRKIR

1 SÉRSTAKUR RANNSÓKNARSTYRKUR



Heiðursfélagar Fih; neðri röð frá vinstri: Anna Stefánsdóttir, Bergdís Helga Kristjánsdóttir, Kristín Auður Sophusdóttir, Eyrún Jónsdóttir. Efri röð frá vinstri: Aðalbjörg Jónasína Finnbogadóttir, Bryndís Konráðsdóttir, Marga Ingeborg Thome, Vilborg Ingólfssdóttir. Á myndina vantar Ástu Möller og Lovísu Baldursdóttur.



Hvatningarstyrkir Fih; frá vinstri: Arna Skúladóttir, Ásta Steinunn Thoroddsen, Helga Sif Friðjónsdóttir og Ásgeir Valur Snorrason. Á myndina vantar Nönnu Friðriksdóttur.



SÖGUSÝNING

Hjúkrun í 100 ár var yfyrskrift sögusýningar í Árbæjarsafni sem sett var upp í tilefni 100 ára afmælisins. Sýningin var opnuð formlega 19. júní af Guðna Th. Jóhannessyni forseta Íslands að viðstöddu fjölmenni. Sýningin stóð til 2. febrúar 2020 og var m.a. nýtt í safnakennslu fyrir nemendur grunnskóla. Fjöldi hjúkrunarfræðinga sem og annarra gesta Árbæjarsafns skoðaði sýninguna. Á sýningunni var greint frá sögu hjúkrunar í samhengi við breytingar á stöðu kynjanna og þróun í tækni og vísindum. Sagan hófst í Reykjavík í byrjun 20. aldar og var rakin allt til dagsins í dag. Sýningin var samstarfsverkefni Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Borgarsögusafns Reykjavíkur. Boðið var reglulega upp á sérstaka leiðsögn um sýninguna í umsjón Ingibjargar Pálmadóttur, Bergdísar Kristjánsdóttur og Sigprúðar Ingimundardóttur.



AFMÆLISKAKA

Í tilefni 100 ára afmælis félagsins var samið við Félag bakameistara um að útbúa tertur með afmælismerki félagsins. Hægt var að panta tertur úti um allt land enda voru þær vinsælar á ýmsum viðburðum og samkomum hjúkrunarfræðinga á árinu.



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í ÁRBÆJARSAFNI

Fjölskylduhátíð, sem haldin var í Árbæjarsafni 15. ágúst, var tileinkuð börnum hjúkrunarfræðinga og öllum þeim börnum sem þeir hafa hjúkrað í 100 ár. Þar var boðið upp á fjölbreytta skemmtidagskrá fyrir börn og fullorðna og var aðgangur ókeypis. Um eitt þúsund manns sóttu hátíðina.





1000 MANNS SÓTTU HÁTÍÐINA

AFMÆLISHÁTÍÐ Í HÖRPU

Lokaatriði afmælisársins var hátíðar-kvöldverður og skemmtidagskrá sem haldin var í Hörpu 15. nóvember. Þar komu saman yfir 800 hjúkrunarfræðingar auk gesta frá hinum Norðurlöndunum. Þar voru flutt ýmis skemmti- og tónlistaratriði og var m.a. frumflutt lag sem samið var sérstaklega fyrir hjúkrunarfræðinga í tilefni afmælisins. Lagið og textinn eru eftir Magnús Þór Sigmundsson.



HJÚKRUN 2019

Ráðstefnan HJÚKRUN 2019: Framtíð, frumkvæði og forvarnir var haldin í Hofi á Akureyri dagana 26.-27. september. Metþátttaka var á ráðstefnuna en alls sóttu hana 450 hjúkrunarfræðingar. Dagskráin var fjölbreytt en ríflega 70 erindi voru flutt á ráðstefnunni, auk vinnusmiðja og veggspjalda- og vörukynninga. Aðalfyrirlesarar voru hjúkrunarfræðingarnir Anne Marie Rafferty, Ian Setchfield og Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir.



450 RÁÐSTEFNUGESTIR



KJARA- OG RÉTTINDAMÁL

Megináherslur í kjaramálum á starfsárinu sneru að kjarasamningsviðræðum ásamt sameiginlegri útfærslu aðildarféлага, ríkis, sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar að styttingu vinnutíma dag- og vaktavinnufólks. Jafnframt voru réttindi vegna starfa hjúkrunarfræðinga á covid-tímum umfangsmikil um tíma á starfsárinu.

KJARASAMNINGAR

Allir miðlægir kjarasamningar hjúkrunarfræðinga voru lausir í mars 2019 og stóðu viðræður um nýja kjarasamninga allt starfsárið. Fíh semur við fimm aðila um miðlægan kjarasamning, þ.e. fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs (ríki), Reykjalund, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), Reykjavíkurborg og Samband sveitarfélaga.

Samninganefndir félagsins eru skipaðar starfsmönnum kjara- og réttindasviðs auk formanns. Að auki sitja í nefndunum tveir til þrír hjúkrunarfræðingar sem starfa samkvæmt samningi við viðkomandi viðsemjanda. Kröfugerð Fíh var unnin af viðkomandi samninganefnd.

Mjög hægur gangur var í viðræðum Fíh við ríkið. Ástæðan var annars vegar kerfisbreyting vegna styttingar vinnuviku, þá sérstaklega er varðar vaktavinnu, og hins vegar ágreiningur um launalið kjarasamningsins.

Eftir fjölmarga samningafundi var skrifað undir kjarasamning 10. apríl 2020. Samningurinn var kynntur á rafrænum kynningarfundum gegnum vef og tölvupóstsamskipti en var felldur í atkvæðagreiðslu. Í framhaldinu lét Fíh framkvæmda könnun sem send var til hjúkrunarfræðinga til að kanna afstöðu þeirra til mismunandi þátta og innihalds þess kjarasamnings. Áframhaldandi samningaviðræður skiluðu litlum árangri

Kröfugerð Fíh byggðist á eftirfarandi markmiðum

1. Laun, vinnutími og starfsumhverfi hjúkrunarfræðinga sé með þeim hætti að þeir vilji vinna innan íslenska heilbrigðiskerfisins.
2. Tilgangur stofnanasamninga verði skýr og fjármögnun þeirra tryggð.
3. Fjármagn til jafnlaunavottunar verði tryggt.
4. Sí- og endurmenntun hjúkrunarfræðinga verði hluti af vinnutíma.
5. Nýr kjarasamningur feli í sér breytingar á tryggingarkafli og veikindakafli.
6. Útbúin verði mönnunarviðmið fyrir hjúkrunarfræðinga sem ná yfir mismunandi stig heilbrigðisþjónustu.
7. Nýr kjarasamningur taki við af gerðardómi. Lengd samnings verði sambærileg við samninga annarra aðila á vinnumarkaði.

og boðaði Fíh til verkfalls hjúkrunarfræðinga frá og með 23. júní 2020. Skipuð var verkfallsstjórn og var allt tilbúið fyrir væntanlegt verkfall. Að kvöldi 22. júní lagði ríkissáttasemjari fram miðlunartillögu sem var að lokum samþykkt í atkvæðagreiðslu hjúkrunarfræðinga. Miðlunartillagan fól í sér breytingar á orlofskafla, vinnutíma í dag- og vaktavinnu, rétti til sí- og endurmenntunar, yfirvinnuprósentu auk undanþágu frá nætur- og bakvöktum við 55 ára aldur. Að auki fól tillagan í sér að ríkissáttasemjari skipaði gerðardóm til að fjalla um afmörkuð atriði launaliðs sem ágreiningur var um og var niðurstaða hans birt 1. september 2020.

Stytting vinnuvikunnar var annað stærsta markmið Fíh með samningaviðræðunum. Vaktavinnuhópur, sem í voru fulltrúar ASÍ, BHM, BSRB, Fíh, Reykjavíkurborgar, ríkis og sveitarfélaga, vann að breytingum á vinnutíma. Niðurstaða þessa samstarfs var fylgiskjal í nýjum kjarasamningi. Vinnuvika vaktavinnufólks fer úr 40 stundum í 36 frá 1. maí 2021. Með frekari útfærslu getur

vinnuvikan styst niður í allt að 32 stundir. Þeir sem eru í lægra starfshlutfalli í dag munu geta unnið jafn mikið, en hækkað starfshlutfall sitt og þar með bætt launakjör sín.

Hjá dagvinnufólki styttist vinnuvikan um að lágmarki 13 mínútur á dag. Við þetta fer vinnutími í 38,55 klst. á viku. Með samkomulagi á stofnun verður hægt að minnka vinnutíma í allt að 36 klst. gegn niðurfellingu á forræði neysluhléa.

STARFSMAT

Í kjarasamningi 2015 hjá Sambandi sveitarfélaga var samið um starfsmat hjúkrunarfræðinga. Gagnaöflun í starfsmatinu er að mestu lokið. Kjara- og réttindasvið skilaði inn athugasemdum vegna starfsmats í tvígang og er enn verið að vinna úr þeim. Þegar niðurstaða liggur fyrir er það afturvirktil til ársins 2018.



**YFIR
120 TRÚNAÐAR-
MENN**

**18 SITJA Í
TRÚNAÐAR-
MANNARÁÐI**

STOFNANASAMNINGAR

Á starfsárinu voru gerðir nýir stofnanasamningar við Sjúkrahúsið á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Fjármagn sem fékkst inn með bókun 3 í dómssátt fyrir gerðardómi árið 2015 var nýtt með misjöfnum hætti eftir stofnunum. Þessu fé er ætlað að auka virkni stofnanasamninga með áherslu á frammistöðu. Landspítali var eina stofnunin sem útbjó frammistöðumat og framkvæmdi öll þrjú árin sem verkefnið stóð yfir.

TRÚNAÐARMENN OG TRÚNAÐARRÁÐ

Starfað var eftir breyttu trúnaðarmannakerfi Fíh á árinu. Haldnir voru þrír fundir allra trúnaðarmanna þar sem trúnaðarmenn á landsbyggðinni tengdust með fjarfundarbúnaði. Trúnaðarmannaráð fundaði nokkrum sinnum á starfsárinu með samninganefnd Fíh vegna kjaraviðræðna.





RÉTTINDAMÁL

Réttindamál hjúkrunarfræðinga eru veigamikill þáttur í starfsemi kjara- og réttindasviðs. Starfsmenn kjara- og réttindasviðs reyna eftir fremsta megni að leysa mál félagsmanna án afskipta dómstóla. Á starfsárinu rak félagið þó eitt mál fyrir dómstólum vegna ólögsmætrar uppsagnar hjúkrunarfræðings í veikindaleyfi. Málið vannst fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og var ekki áfrýjað af hálfu ríkisins. Hjúkrunarfræðingnum voru greiddar miskabætur vegna uppsagnarinnar.

FARALDUR COVID-19

Áhrif covid-faraldursins hafði mikil áhrif á starfsárið, þá sérstaklega seinni part starfsársins. Mikið var leitað til kjara- og réttindasviðs í byrjun faraldursins vegna réttindamála, launa í sóttkví og skiptingu starfstöðva og/eða starfsmannahópa. Í framhaldinu var sett upp Spurt og svarað á vefsvæði félagsins þar sem helstu spurningum varðandi réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í alheimsfaraldri var svarað. Kjara- og réttindasvið veitti að auki frekari ráðgjöf þeim hjúkrunarfræðingum er leituðu til félagsins.

KYNNINGAR OG FUNDIR

Kynningarfundur um kjara- og réttindamál var haldinn fyrir erlenda hjúkrunarfræðinga. Jafnframt var haldin árleg kynning fyrir nýútskrifaða hjúkrunarfræðinga á starfsþróunarári á Landspítala og verðandi hjúkrunarfræðinga þar sem félagið var kynnt sem þeirra framtíðar fag- og stéttarfélag. Starfsmenn kjara- og réttindasviðs sátu vinnufundi vegna jafnlaunavottunar á Landspítala haustið 2019 og skilaði félagið samantekt eftir þá fundi.

Fundað hefur verið reglulega með trúnaðarmönnum og trúnaðarmannaráði og í samstarfi við fagsvið var unnið efni sem notað var í kynningarherferð á vegum Fíh. Kynningar kjarasamnings og efni honum tengdum hafa þó verið veigamestar.

ORLOFSMÁL

Fjölbreytt úrval orlofskosta á árinu 2019 var vel nýtt en gjafabréf í flug voru hvað vinsælust. Orlofssjóður býður til leigu 26 orlofshús og íbúðir auk annarra kosta, s.s. hótelmiða, útilegukorta og menningarkorta.

Þjónustukönnun meðal sjóðfélaga var framkvæmd síðastliðið haust og sýndi ánægju með framboð á orlofshúsum. Á síðasta ári bauðst sjóðfélögum með skemmri en 10 ára starfsaldur að taka þátt í úthlutunarhappdrætti þar sem markmiðið er að gefa þessum hópi möguleika á leigu orlofshúsnæðis án þess að hafa náð tilteknum punktafjölda. Fyrirkomulagið mæltist vel fyrir og var endurtekið.

Áfram var boðið upp á svonefnda „flakkara“, það er orlofshúsnæði sem hægt er að leigja í stakar nætur. Þá hefur orlofskostum sem leyfa hunda verið fjölgað. Í Stykkishólmi hefur bæst við íbúð, og íbúð í Torrevieja á Spáni verður áfram í boði yfir sumarmánuðina.

Lokað var fyrir aðgengi að orlofshúsum í aprilmánuði í samræmi við tilmæli almannavarna og sóttvarnalæknis.

**3290 SELD
GJAFABRÉF Í
FLUG 2019**

Gjafabréf Icelandair eru vinsæll orlofskostur, en bréfum sem í boði eru fyrir hvern félagsmann var fækkað úr fjórum í þrjú til að gefa fleiri sjóðfélögum kost á að nýta sér þessi bréf.



SJÓÐIR

**253 MILLJÓNIR
KRÓNA VAR
HEILDARUPPHÆÐ
STYRKJA ÚR
A-HLUTA
VÍSINDASJÓÐS
FYRIR 2019**

VÍSINDASJÓÐUR

Vísindasjóður skiptist í A- og B-hluta. Styrkir úr A-hluta eru greiddir beint til félagsmanna sem starfa hjá hinu opinbera í febrúar ár hvert. Alls voru greiddir styrkir til 3266 félagsmanna og nam heildarupphæð styrkja 253 milljónum króna.

Alls bárust 19 umsóknir í B-hluta vísindasjóðs. Sautján hjúkrunarfræðingar fengu styrki úr sjóðnum að upphæð 10.686.250 krónur. Heildarupphæð sem sótt var um var 22.182.568 krónur.

STARFSMENNTUNARSJÓÐUR


Á árinu 2019 voru samþykktar 1377 umsóknir að upphæð 52.838.404 krónur. Umsóknum fjölgaði frá fyrra ári um 20%. Reglur sjóðsins voru endurskoðaðar á árinu. Meginbreytingin er sú að nú eru umsóknir afgreiddar annan hvern mánuð eða sex sinnum á ári en ekki fjórum sinnum eins og áður. Þá var styrkupphæðin hækkuð í 55.000 krónur fyrir árið 2020.

STYRKARSJÓÐUR


Samþykktar voru 2.831 umsóknir á liðnu ári að upphæð 179.773.001 krónur. Þetta er fjölgun umsókna um 7,2% miðað við árið áður, og heildarfjárhæð styrkja jókst einnig á milli ára, eða um 6,5%. Stærsti hluti styrkja styrktarsjóðs er vegna heilsuræktar, eða 48%, og er það aukning frá fyrra ári um 1%. Umsóknum um sjúkradagpeninga fækkaði um 10% á milli ára, en heildarfjárhæð þeirra jókst vegna hækkunar á heildarstyrk í 400 þúsund á mánuði.

Heilsustyrkurinn var hækkaður úr 45.000 kr. í 50.000 kr. fyrir árið 2020.


Fjöldi umsókna í starfsmenntunarsjóð



Skipting styrkja í starfsmenntunarsjóði



Styrkveitingar styrktarsjóðs 2019



ÚTGÁFA

TÍMARIT HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Tímarit hjúkrunarfræðinga var gefið út þrisvar á starfsárinu í prentaðri útgáfu og dreift til allra félagsmanna, heilbrigðisstofnana og ráðamanna. Auk þess að vera vettvangur fræðilegrar og félagslegrar umfjöllunar um hjúkrun er leitast við að fjalla um málefni líðandi stundar. Tímaritið er aðgengilegt á vefsíðu Fíh auk þess sem völdu efni er deilt á facebook-síðu félagsins.



HEIMILDARMYND: HJÚKRUN Í HEILA ÖLD

Ný íslensk heimildarmynd, Hjúkrun í heila öld, var frumsýnd á sjónvarpsstöðinni Hringbraut í maí 2019, en þar er rakin saga hjúkrunarstéttarinnar á Íslandi frá upphafi síðustu aldar.

HÁTT Í 30 VIÐMÆLENDUR

Að baki myndinni liggur mikil heimildarvinna og myndasöfnun og viðmælendur voru hátt í 30 að tölu. Handrit og upptöku-

stjórn var á höndum Sigmundar Ernís Rúnarssonar, kvikmyndastjórn annaðist Björn Sigurðsson og Snædís Snorradóttir aðstoðaði við dagskrárgerð. Edda Dröfn Daníelsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Bergdís Kristjánsdóttir og Ásta Möller stóðu að verkefninu fyrir hönd Fíh.





VEFUR OG SAMFÉLAGSMIÐLAR


Heimsóknir á vef félagsins voru að meðaltali tæpar 17 þúsund á mánuði árið 2019, miðað við talningu Google analytics vefmælingarkerfisins, og er það ríflega þriðjungs fjölgun frá árinu áður. Mírar síður voru heimsóttar að meðaltali tvö þúsund sinnum á mánuði á sama tímabili.



3500 FYLIGJENDUR Á FACEBOOK

Facebook-fylgjendur eru nú ríflega 3500 og yfir þrjú þúsund eru skráðir á póstlista og fá reglulega rafrænt fréttabréf með tölvupósti. Í tilefni afmælisársins var tekið viðtal við hjúkrunarfræðing í viku hverri sem birt var á vef félagsins og á samfélagsmiðlum. Í kjölfar covid-faraldursins var auglýst eftir reynslusögum meðal hjúkrunarfræðinga sem störfuðu í framlínunni og reynslusögurnar birtar á samfélagsmiðlum.

Viðtölin og reynslusögurnar fengu góðar viðtökur og áhugavert hefur verið að sjá hversu fjölbreyttur starfsvettvangur hjúkrunarfræðinga er.



KYNNING Á STÖRFUM HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Í janúar sögðu fimm hjúkrunarfræðingar frá jákvæðum hliðum starfsins í máli og myndum. Myndbandið var birt á vef Fíh og samfélagsmiðlum. Auk þess voru myndir af hjúkrunarfræðingum í vikubirtingu á strætóskýlum borgarinnar.

ERLENT SAMSTARF

SSN

Samvinna hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndum (SSN) er samvinna stéttarfélaga hjúkrunarfræðinga á Norðurlöndunum sex. SSN er í forsvari fyrir meira en 320.000 hjúkrunarfræðinga og vinnur markvisst í málefnum hjúkrunar. Undanfarið ár hefur SSN fjallað um verklegt nám í hjúkrunarfræði á Norðurlöndunum með tilliti til bættrar aðstöðu nema. Þá hefur staða yfirhjúkrunarfræðings í stjórnsýslu (CNO/GCNMO) verið rýnd í hverju landi fyrir sig.

SSN fagnar 100 ára afmæli árið 2020. Í tilefni af stórafmælinu var gefið út rit þar sem saga og tilurð SSN er rakin. Félögin stóðu saman að ritinu undir stjórn Marianne Bom sem ráðin var ritstjóri verksins. Herdís Lilja Jónsdóttir stýrði verkefninu fyrir hönd Fíh. Hvert félag tefldi fram viðtali við hjúkrunarfræðing sem fæst við áhugaverð verkefni í sínu landi. Ritið var

gefið út í upphafi septembermánaðar 2020. Í tilefni 100 ára afmælis SSN var einnig ákveðið að halda afmælisráðstefnu í Kolding í Danmörku 8.-9. september 2020. Undirbúningsnefnd með fulltrúum allra Norðurlanda sá um undirbúning og skipulagningu afmælisráðstefnunnar. Ákveðið var að hætta við ráðstefnuna vegna covid-19.

NNSC

Íslenskir hjúkrunarfræðinemar eru hluti af Norrænu samstarfi hjúkrunarfræðinema á Norðurlöndum (NNSC). NNSC fundar reglulega í tengslum við fundi norrænu hjúkrunarfélaganna. Í september sl. var fundur NNSC haldinn í Kaupmannahöfn. Fulltrúar voru einnig gestir á stjórnarfundum SSN og lögðu þar fram tillögur um aukna þátttöku og virkni nema í starfi SSN. Marsfundi NNSC var aflýst vegna covid-19.



EFN

Fíh er hluti EFN (European Federation of Nurses) sem er ráðgefandi vettvangur hjúkrunarfræðinga gagnvart ESB og gefst Fíh kostur á að hafa áhrif á stefnu Evrópusambandsins (ESB) um málefni hjúkrunar til framtíðar. Tveir EFN-fundir voru haldnir á síðasta ári, annars vegar í Brussel og hins vegar í Grikklandi. Efst á baugi voru umræður um stöðu hjúkrunarfræðinema og mat á starfsáætlun EFN 2014-2020.

ICN

Alþjóðaráð hjúkrunarfræðinga (ICN) eru samtök hjúkrunarfélaga í rúmlega 130 löndum. ICN heldur annað hvert ár fulltrúaþing sitt og ráðstefnu og var það síðast haldið í Singapúr í júní 2019. Þar var því fagnað að Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) tileinkaði hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum árið 2020. Á þinginu var einnig fjallað um sameiginlega skýrslu WHO og

ICN: State of the World's Nursing Report en skýrslan fjallar um stöðu hjúkrunar á alþjóðavísu og kom út í apríl 2020. Einnig var fjallað um Nursing Now-herferðina sem er sameiginlegt átak sömu aðila og hefur staðið yfir síðastliðin þrjú ár, en því lýkur nú í ár.

ENSA

Fulltrúar hjúkrunarnemafélaganna í HA og HÍ sátu aðalfund Félags evrópskra hjúkrunarfræðinema (ENSA) í Grikklandi í október 2019.



ÁLYKTANIR, UMSAGNIR, NEFNDIR OG RÁÐ

ÁLYKTANIR OG UMSAGNIR

Aðalfundur 2019 ályktaði um kjaramál hjúkrunarfræðinga. Þar var skorað á íslensk stjórnvöld og aðra viðsemjendur hjúkrunarfræðinga að leiðrétta tafarlaust launa- og starfskjör þeirra svo draga megi úr skorti á hjúkrunarfræðingum. Þá ályktaði fagdeild bæklunarhjúkrunarfræðinga um liðskiptaaðgerðir og lýsti áhyggjum yfir löngum biðtíma sjúklinga sem skapast m.a. af skorti á hjúkrunarfræðingum og legurýmum á Landspítala.

Félagið sendi inn umsagnir til nefndasviðs Alþingis um tillögu til þingsályktunar um heilbrigðisstefnu til 2030, um frumvarp til laga um breytingar á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, drög að breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu, frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til að starfa hér á landi með síðari breytingum (EES-reglur), frumvarp til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu og þingsályktun um búsetuöryggi í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

NEFNDIR OG RÁÐ STARFSÁRIÐ 2019-2020

Í kjörnefnd sátu Baldvina Ýr Hafsteinsdóttir, formaður nefndarinnar, Ólöf Árnadóttir og Laufey Andrea Emilsdóttir. Varamaður er Unnur Ýr Þormóðsdóttir.

Hlutverk nefndarinnar er að annast undirbúning og framkvæmd formannskjörs og kosninga til stjórnar félagsins, í nefndir þess og önnur þau störf sem kosið er um.

Í ritnefnd sátu Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir, formaður nefndarinnar, Alda Ásgeirsdóttir, Anna Ólafía Sigurðardóttir, Hafdís Skúladóttir, Hrund Scheving Thorsteinsson, Margrét Hrönn Svavarsdóttir og Sigurlaug Thorsteinsdóttir.

Hlutverk ritnefndar er að marka ásamt ritstjóra stefnu tímaritsins og annast umsjón með útgáfu þess.

Í samninganefndum sátu Gunnar Helgason, formaður nefndanna, Guðbjörg Pálsdóttir, Eva Hjörtína Ólafsdóttir og Harpa Júlía Sævarsdóttir. Auk þeirra sátu í samninganefnd við ríkið Brynja Dröfn Jónsdóttir og Sigríður Elísabet Árnadóttir en í samninganefnd við Reykjavíkurborg Aníta Elínardóttir, Dagný Hængsdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir og Jórunn Ósk Frímannsdóttir Jensen. Enn hefur ekki verið skipað í samninganefnd við Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, Samband sveitarfélaga né Reykjalund en viðræður þar eru ekki hafnar.

Samninganefndir annast gerð kjarasamninga við viðsemjendur félagsins.

Í siðanefnd sátu Aðalheiður D. Matthíasdóttir formaður, Birna Óskarsdóttir, Guðbjörg Svava Ragnarsdóttir, Guðríður K. Þórðardóttir, Harpa Þöll Gísladóttir, Ragnhildur Rós Indriðadóttir og Þórgunnur Hjaltadóttir.

Siðanefnd er faglegur farvegur félagsins fyrir siðfræðileg álitamál og er stjórn félagsins, fagdeildum og félagsmönnum til ráðgjafar varðandi álit og umsagnir um þau mál. Einnig fjallar nefndin um kærumál er varða meint brot félagsmanna á siðareglum félagsins.

Í afmælisnefnd sátu Steinunn Sigurðardóttir formaður, Aðalbjörg J. Finnbogadóttir, Ásta Möller, Sigprúður Ingimundardóttir og Þorgerður Ragnarsdóttir.

Hlutverk nefndarinnar var að undirbúa 100 ára afmæli félagsins sem haldið var upp á 2019.

Sérstök **hátiðarnefnd** annaðist hátiðardagskrá afmælishátíðar sem fram fór í Hörpu 15. nóvember 2019. Þeirri nefnd stýrðu Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir og Margrét I. Hallgrímsson. Aðrir í nefndinni voru Anna Guðríður Gunnarsdóttir, Halla Grétarsdóttir, Hildur Björk Sigurðardóttir og Tryggvi Hjörtur Oddsson.

Í muna- og minjanefnd sátu Ingibjörg Pálmadóttir formaður, Bergdís Kristjánsdóttir, Elísabet Hjörleifsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir og Sigprúður Ingimundardóttir.

Hlutverk nefndarinnar er m.a. að safna saman munum í eigu félagsins og koma þeim fyrir til varðveislu á viðeigandi hátt. Nefndin vann að sögusýningu hjúkrunar sem upp var sett á 100 ára afmælisárinu í Árbæjarsafni.

Í verkfallsstjórn sátu Anna María Þórðardóttir formaður, Arna Óskarsdóttir, Arndís Jónsdóttir, Ása María Guðjónsdóttir, Edda Dröfn Daníelsdóttir ritari, Elín Tryggvadóttir, Guðrún Einarsdóttir, Gunnhildur Gunnlaugsdóttir, Karen Sif Vilhjálmsdóttir, Kristjana Þuríður Þorláksdóttir, Magnús Blöndahl, Rósa Friðriksdóttir, Sigbór Jens Jónsson og Þórgunnur Hjaltadóttir.

Hlutverk stjórnarinnar er að undirbúa og stýra verkfalli.

Í undanþágunefnd sátu fyrir hönd Fih Ólafur G. Skúlason formaður og Ragna Gústafsdóttir varaformaður.

STJÓRN FÉLAGSINS OG STJÓRNIR SJÓÐA

Stjórn félagsins geta einungis félagsmenn með fulla aðild skipað.

Í stjórn sátu auk formanns fimm stjórnarmenn og tveir varamenn.

Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

2019-2020

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Arndís Jónsdóttir *varaformaður*

Halla Eiríksdóttir *gjaldkeri*

Anna María Þórðardóttir *ritari*

Gísli Níls Einarsson

Hildur Björk Sigurðardóttir

Varamenn

Guðrún Yrsa Ómarsdóttir

Helena Eydal

Orlofssjóður

Lovísa Agnes Jónsdóttir *formaður*

Anna Lía Baldursdóttir

Björg Sigurðardóttir

Helga Harðardóttir

Sigríður Guðjónsdóttir

Starfsmenntunarsjóður

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir *formaður*,

tilnefnd af Fíh

Ásdís Guðmundsdóttir *tilnefnd af Fíh*

Anna Guðmundsdóttir *tilnefnd af*

Reykjavíkurborg

Fulltrúi ríkisins hefur ekki verið tilnefndur.

Styrktarsjóður

Aðalheiður D. Matthíasdóttir *formaður*

Sigrún Barkardóttir

Svanlaug Guðnadóttir

Varamenn

Ellen Stefanía Björnsdóttir

Inga Valborg Ólafsdóttir

Vísindasjóður

Marianne E. Klinke *formaður*

Árún K. Sigurðardóttir

Brynja Örlygsdóttir

Rannveig J. Jónasdóttir

Vinnudeilusjóður

Birgir Örn Gunnarsson *formaður*

Anna Soffía Guðmundsdóttir

Eva Kristjánsdóttir

Varamenn

Eva Hjörtína Ólafsdóttir

Olga Birgitta Bjarnadóttir

Rannsókn- og vísindasjóður

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Herdís Sveinsdóttir

Sigríður Zoëga

Minningarsjóður Hans Adolfs Hjartarsonar

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Herdís Sveinsdóttir

Hrund Sch. Thorsteinsson

Minningarsjóður Kristínar Thoroddsen

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Herdís Sveinsdóttir

Sigríður Gunnarsdóttir

Steinunn Sigurðardóttir



SKRIFSTOFA FÍH

Áfram var unnið að endurbótum á skrifstofu-
húsnæði félagsins við Suðurlandsbraut 22.
Gólfefni var endurnýjað á skrifstofum og í
móttöku og salernisaðstaða endurnýjuð.

Í framhaldi af endurnýjun tæknikosts
skrifstofunnar síðastliðið starfsár og
uppfærslu tölvubúnaðar hefur nýtt
skjalavistunarkerfi verið tekið í notkun.
Innleiðing þess stendur nú yfir og er
starfsfólk að tileinka sér nýja vinnuhætti.
Kerfið verður kynnt stjórnnum og nefndum
á nýju starfsári og nýtt verklag innleitt í því
starfi.

Lokað var fyrir fundarhöld félagsmanna í
sölum félagsins að tilmælum sóttvarna-
læknis og almannavarna.

**12 starfsmenn eru starfandi hjá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga
í 10,9 stöðugildum.**

Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu félagsins

Guðbjörg Pálsdóttir *formaður*

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir *verkefnastjóri*

Bjarni Ingvarsson *umsjónarmaður eigna orlofssjóðs*

Edda Dröfn Danielsdóttir *sviðstjóri fagsviðs*

Eva Hjörtína Ólafsdóttir *kjararáðgjafi*

Gunnar Helgason *sviðstjóri kjara- og réttindasviðs*

Harpa Júlía Sævarsdóttir *sérfræðingur í kjaramálum*

Helga Ólafs *ritstjóri Tímarits hjúkrunarfræðinga*

Herdís Lilja Jónsdóttir *vef- og verkefnastjóri*

Margrét Rafnsdóttir *fulltrúi*

Sólveig Stefánsdóttir *fjármálastjóri*

Steinunn Helga Björnsdóttir *umsjónarmaður sjóða*

*Arndís Jónsdóttir varaformaður kom til starfa hjá félaginu
1. mars 2020 sökum anna m.a. í kjara- og réttindamálum.*



Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
540 6400
www.hjukrun.is